



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1277
komudagur 15.03.2002

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10	14.03.2002	A-8 LÖ/mb

150 Reykjavík.

Í bréfi, dags. 19. febrúar s.l., fór fjárlaganefnd Alþingis fram á umsögn Ríkisendurskoðunar um tvö lagafrumvörp. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, og hins vegar um frumvarp til fjáráukalaga, 28. mál.

Í fyrrnefnda frumvarpinu er lagt til að við 43. gr. fjárreiðulaga bætist nýr málslíður er mæli fyrir um að fjármálaráðherra skuli þegar svo ber undir leggja fram frumvarp til fjáráukalaga fyrir Alþingi bæði þegar það kemur saman að hausti og áður en því er slitið að vori. Af þessu tilefni skal bent á að skv. 43. gr. laganna skal, ef þörf krefur, leita eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög árs gera ráð fyrir í frumvarpi til fjáráukalaga. Í greininni er hvorki að finna takmörkun á því hve oft hægt sé að leggja slíkt frumvarp fram né hvenær slíkt skuli gert. Megináhersla fjárreiðulaganna er sú að ef þörf er á fjárheimildum umfram það, sem fjárlög leyfa, skuli þeirra aflað í fjáráukalögum. Þetta úrræði á þó eðli málsins samkvæmt að nota sparlega. Líður í þessu er að vanda svo sem kostur er til fjárlaganna sjálfra. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki heppilegt að lögbinda með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hvenær leggja skuli fyrir frumvarp til fjáráukalaga. Slíkt á að hennar mati að ráðast af aðstæðum hverju sinni eins og nógildandi ákvæði tryggir.

Í síðara lagafrumvarpinu, sem óskað er umsagnar um, er lagt til að í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 bætist nýr líður, er feli í sér heimild til að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaga vegna félagslega íbúðakerfisins. Með hliðsjón af efni og eðli þessa lagafrumvarps biðst Ríkisendurskoðun, með vísan til lögbundinnar stöðu sinnar og hlutverks, undan því að veita umsögn um frumvarpið.